

Fyrirspurn

til dómsmálaráðherra um sviptingu lögræðis og fjárræðis.

Frá Guðjóni A. Kristjánssyni.

1. Hversu oft hefur komið til lögræðis- og/eða fjárræðissviptingar samkvæmt eftirtöldum ákvæðum lögræðis laga, nr. 71/1997:
 - a. 4. gr., sundurliðað eftir a-, b-, c- og d-lið greinarinnar,
 - b. 5. gr., sundurliðað eftir 1. mgr. og a-, b- og c-lið 2. mgr. greinarinnar,
 - c. 6. gr.?
2. Hversu oft hafa úrskurðir samkvæmt lögræðis lögum verið kærðir til Hæstaréttar, sbr. 16. gr. laganna?
3. Hve margir ráðsmenn hafa verið skipaðir skv. IV. kafla lögræðis laga?
4. Hversu oft hefur ráðsmanni verið falið umsjón eigna skv. 35. gr. lögræðis laga, sundurliðað eftir a-, b- og c-lið greinarinnar?
5. Hefur sami ráðsmaður verið skipaður fyrir marga einstaklinga? Ef svo er, hvernig er skiptingin á hvern ráðsmann?
6. Hversu oft hefur ákvörðun yfirlögráðanda verið skotið til dómsmálaráðherra skv. 83. gr. lögræðis laga?
7. Hvernig flokkast þau mál miðað við hagi einstaklinga, þ.e. vegna geðfötlunar, vímuefnaneyslu eða annarra ástæðna?

Óskað er eftir að svörin nái yfir tímabilið frá því að lög nr. 71/1997 tóku gildi 1. janúar 1998.

Skriflegt svar óskast.